

Veðraðar veðurformgerðir

Rétt eins og öðrum þjóðum verður Íslendingum tíðrætt um veðrið, sérstaklega þegar skortur er á öðru umræðuefni. Hefðbundin nafnorð á borð við *snjór*, *rigning* og *vindur* koma oft við sögu en einnig sjaldgæfari orð eins og *hundslopsappadrífa*, *snjóvelta*, *straumkast* o.s.frv. Auk veðurtengdra nafnorða er einnig hægt að notast við sérstakar sagnir sem lýsa veðuratburðum. Slíkar sagnir eru stundum nefndar veðursagnir í málfræðilegum umfjöllunum, en þær hafa þá sérstöðu að geta komið fyrir án merkingarlegs frumlags. Dæmi um íslenskar veðursagnir eru *snjóa*, *rigna* og *hvessa*, sýndar í (1). Athugið að leppurinn *það* í fyrsta dæminu er merkingarsnauður; hann hefur enga vísun og er ekki hluti af rökliðagerð sagnarinnar *snjóa*. Atviksliðir (*í gær*, *nú*, *á morgun*) og forsetningarliðir (*í Reykjavík*, *á höfuðborgarsvæðinu*) teljast ekki heldur til rökliða.

Veðurlýsingar er ekki einungis hægt að skoða út frá orðaforða, myndun hans og notkun, heldur einnig með tilliti til þess hvers konar formgerðir eru notaðar. Málgerðarfræðingarnir Pál Eriksen, Seppo Kittilä og Leena Kolehmainen hafa lagt til að segðum sem tjá veður megi skipta í þrjá flokka byggt á því hvaða hluti segðar, sögn eða rökliður, tengir hana veðri. Fyrsti flokkurinn gerir ráð fyrir að veðuratburði séu tjáðir með sérstökum sögnum sem ekki taka með sér röklið. Þessi flokkur kallast **sagnflokkur** og inniheldur áður nefndar veðursagnir þegar þær tjá veðuratburð einar og sér. Spurningar eins og **Rignir?** og **Hvenær mun snjóa?** falla einnig í þennan flokk.

(1) Veðursagnir

- a. *Það snjóaði í Reykjavík í gær.*
- b. *Nú rignir.*
- c. *Á morgun hvessir á höfuðborgarsvæðinu.*

Í öðrum flokki, **rökliðaflokki**, er gert ráð fyrir að rökliður sé notaður til að tengja segðina veðuratburði. Undir þennan flokk falla segðir sem innihalda bæði nafnorð sem vísar til veðurfyrirbæris (t.d. *rigning*, *snjór*, *vindur*, *haglél*) og sögn sem lýsir sjálf ekki veðri heldur er almenns eðlis (t.d. *koma*, *falla*, *skella á*). Dæmi um þessa gerð veðursegðar er **vindurskall á**. Nafnorðið *vindur* tengir segðina veðuratburði en agnarsögnin *skella á* er ekki bundin við veðurlýsingar og getur ekki lýst veðri ein og sér. Hægt er að nota *skella á* í setningum eins og *Verkfall skall á* eða *Þú skelltir á mig*, þar sem hvorug setninganna lýsir veðuratburði.

Í þriðja flokknum, svokölluðum **blönduðum flokki**, tengir bæði sögn og nafnorð segðina við veður. Hér má finna dæmi eins og *Það snjóar fallegum, hvítum flygsum* þar bæði sögnin *snjóa* og nafnliðurinn *fallegum*, *hvítum flygsum* gefur til kynna að verið sé að tala um veður.

Blandaður flokkur er ekki algengur í íslensku. Helst eru það sagnirnar *rigna* og *snjóa* sem koma fyrir með nafnlið í þessum flokki og þá kveður nafnliðurinn nánar á um gerð eða eðli úrkomunnar. Í dæminu hér að ofan er ekki um hlutlausu lýsingu á snjókomu að ræða heldur er sérstaklega tekið fram að snjórinn falli í *flygsum* og þær séu *fallegar*, *stórar* og *hvítar*. Þá getur ***rignt stórum regndropum*** eða ***snjóað hörðum snjókornum***. Stundum eru sagnirnar *rigna* og *snjóa* notaðar í myndmáli og vísa þá ekki til veðuratburða. Dæmi um slíkt er *Það rigndi sprengjum á vígvellinum* eða *Fólki snjóaði inn í tónleikasalinn*. Slík notkun er vitaskuld ekki talin til veðurlýsinga.

Endurtúlkun

Áður var sagt að sagnirnar *snjóa*, *rigna* og *hvessa* væru veðursagnir. Segðir sem innihalda veðursagnir sem einar og sér lýsa veðri án þess að rökliður sé til staðar falla í sagnflokk. En hafa veðurlýsingar með veðursögnum alltaf tilheyrt þessum flokki?

Þegar sagnirnar *rigna* og *snjóa* eru skoðaðar í sögulegu ljósi kemur í ljós að þær eru báðar leiddar af nafnorðum; *rigna* af nafnorðinu *regn* og *snjóa* af nafnorðinu *snjór*. Sömu sögu er að segja um sagnirnar *hegla* (af nafnorðinu *hagl*) og *styrma* (af nafnorðinu *stormur*). Sögnin *hvessa* virðist ekki passa hér inn enda er hún mynduð á annan hátt. Þessi sögn er leidd af lýsingarorðinu *hvass* 'beittur, oddskarpur' og grunnmerkingin er 'skerpa, brýna'. Unnt er að nota sögnina í almennri merkingu (*Víkingarnir hvesstu örvaroddana*) eða í yfirfærðri merkingu í myndmáli (*Kennarinn hvessti röddina*). Þetta gildir bæði um nútímaíslensku og eldra málstig. Af 45 dæmum um sögnina *hvessa* í *Ordbog over det norrøne prosasprog* eru aðeins 11 dæmi tengd veðri. Athygli vekur að í veðurlýsingum kemur sögnin fyrir með nafnorði í sex tilvikum, sbr. eftirfarandi dæmi þar sem veðurnafnorð hefur verið feitletrað en sögnin undirstrikuð.

(2)

a. ***veðrið*** tók að *hvessa mjög* (Laxdæla saga)

b. ... tók að *hvessa* ***veðrið*** (Orkneyinga saga)

Tjáning veðuratburða í (2) tilheyrir rökliðaflokki; segðirnar innihalda veðurtengt nafnorð (*veður*) og sögn almennrar merkingar (*hvessa*). Nokkur dæmi eru um að *hvessa* komi (að því er virðist) fyrir án rökliðar í fornu máli. Í þessum dæmum er þó alla jafna búið að minnast á *veður* í undanfarandi samhengi, eins og í eftirfarandi dæmi úr Eyrbyggju.

(3) *Gekk* ***veðrið*** til landsuðurs og á austur og *hvessti mjög* (Eyrbyggja saga)

Í (3) virðist sögnin *hvessa* eiga við *veður* í undanfarandi setningu. Um er að ræða tengieyðingu sem er algeng bæði í nútímaíslensku og forníslensku og formgerðin er því í raun ***veðrið hvessti***. Hafa ber í huga að í forn máli var meira svigrúm en í nútímaíslensku til að undanskilja liði. Auk tengieyðingar eins og í (3) voru aðrar eyður mögulegar svo fremi sem unnt var að ráða af undanfarandi samhengi hvað var undanskilið. Þegar *hvessa* kemur fyrir í veðurlýsingum í forn máli án sýnilegs rökliðar má túlka dæmin á þann veg að rökliður hafi verið undanskilinn en hann er þá engu að síður til staðar í formgerðinni. Þetta þýðir að breyting hefur orðið frá forníslensku til nútímaíslensku. Sögnin *hvessa* var fyrst einungis almenns eðlis og þurfti veðurnafnorð í þolfalli til að lýsa veðri, t.d. ***veður*** eða ***vind*** *hvesstir*. Í þróuninni frá forníslensku til nútímaíslensku voru veðurlýsingar með *hvessa* endurtúlkaðar á þann

hátt að sögnin gat ein og sér lýst veðuratburði. Þannig hefur orðið breyting frá rökliðaflokki (**vind hvessir**) yfir í sagnflokk (**nú hvessir**). Það er vissulega minniháttar breyting – en breyting er það engu að síður.

(4)

Rökliðaflokkur ? Sagnflokkur

vind hvessir

hvessir

Eins og að framan hefur verið rætt eiga veðursagnir sér mismunandi uppruna. Margar hverjar eru dregnar af veðurnafnorði og ekki verður annað séð en að þær hafi alltaf tilheyrt veðursegðum í sagnflokk. Sumar veðursagnir hafa þó orðið til við endurtúlkun á segðum sem upphaflega tilheyrðu rökliðaflokki. Af þessu má sjá að málgerðarleg flokkun gagnast ekki einvörðungu til að skoða málfræði veðurlýsinga í samtímanum heldur einnig til að kanna breytingar sem hafa orðið á íslensku máli í tímans rás.

Heimildir

Eriksen, Pål K., Seppo Kittilä & Leena Kolehmainen. 2010. The Linguistics of weather: Cross-linguistic patterns of meteorological expressions. *Studies in Language* 34(3). 565–610.

Eriksen, Pål K., Seppo Kittilä and Leena Kolehmainen. 2012. Weather and language. *Language and Linguistic Compass* 66(6). 384–402.

Eriksen, Pål K., Seppo Kittilä & Leena Kolehmainen. 2015. The world is raining: meteorological predicates and their subjects in a typological perspective. In Marja-Liisa Helasvuo & Tuomas Huomo (eds.), *Subjects in constructions – canonical and non-canonical*, 205–228. Amsterdam: Benjamins.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Setningafræðilegar breytingar í íslensku. 15. Kafli í bókinni *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 602–635. Íslensk tunga, III. Bindi. Ristjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ristjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Þóra Björk Hjartardóttir. 1993. *Getið í eyðurnar: Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku*. Málfræðirannsóknir 6. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Mynd

Sigríður Sæunn Sigurðardóttir.